

2. gr.

Á eftir orðunum „1992–1993“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: og skólaárið 1993–1994.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu
á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr stafliður (er verður G-liður), svohljóðandi:

Fram til 1. september 1993 getur landbúnaðarráðherra, þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 20. gr., heimilað innheimtu verðskerðingargjalds, enda liggi fyrir ósk um það frá stjórn Stéttarsambands bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.